

## SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

### FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

<b>Framkvæmdaraðili:</b> Hafnarfjarðarbær	<b>Fundur nr. :</b> 38
<b>Verktaki:</b> Eykt ehf	
<b>Fundarstjóri:</b> Hilmar Ástþórsson	<b>Fundarritari:</b> Hilmar Ástþórsson
<b>Fundarstaður:</b> Verkstað	
<b>Pátttakendur:</b>	14.08.2019
Hilmar Ástþórsson (HÁ) Verkís <a href="mailto:hia@verkis.is">hia@verkis.is</a> 846 0011	<b>Frá kl. :</b> 14:00
Ívar Már Markússon (ÍMM) Eykt <a href="mailto:ivar@eykt.is">ivar@eykt.is</a> 822 4449	<b>Til kl. :</b> 15:50
Hlynur Gissurarson (HG) Eykt <a href="mailto:hlynur@eykt.is">hlynur@eykt.is</a> 822 4418	
Örn Guðmundsson (ÖG) VSB <a href="mailto:orn@vsb.is">orn@vsb.is</a> 660 8609	
Ægir Berg Elísson (ÆBE) Skarðshlíðarskóli <a href="mailto:aegirberg@hafnarfjordur.is">aegirberg@hafnarfjordur.is</a>	
Ingibjörg Magnúsdóttir (IM) Skarðshlíðarskóli <a href="mailto:ingibjorg@skardshlidarskoli.is">ingibjorg@skardshlidarskoli.is</a>	
<b>Dreifing:</b> Fundarmenn	<b>Næsti fundur:</b>
Stefán Veturliðason (SV) VSB <a href="mailto:stefan@vsb.is">stefan@vsb.is</a> 660 8606	Miðvikudaginn
Kristján Björnsson (KB) Verkís <a href="mailto:kb@verkis.is">kb@verkis.is</a> 824 6313	28.ágúst 2019, kl
Sigurður Haraldsson (SH) Hfj.bær <a href="mailto:siggih@hafnarfjordur.is">siggih@hafnarfjordur.is</a> 664 5631	14:00 á verkstað.
Páll Daníel Sigurðsson (PDS) Eykt <a href="mailto:palld@eykt.is">palld@eykt.is</a>	
Þorgeir Margeirsson (PM) Eykt <a href="mailto:toggi@eykt.is">toggi@eykt.is</a>	
Berglind Kristjánsdóttir (BK) Skarðshlíðarskóli <a href="mailto:berglindkrist@hafnarfjordur.is">berglindkrist@hafnarfjordur.is</a>	

#### Tengiliðir:

Nafn	Fyrirtæki	Hlutverk	Sími	Netfang
Kristján Björnsson	Verkís	Eftirlitsmaður	824 6313	<a href="mailto:kb@verkis.is">kb@verkis.is</a>
Hilmar Ástþórsson	Verkís	Eftirlitsmaður	846 0011	<a href="mailto:hia@verkis.is">hia@verkis.is</a>
Ívar Már Markússon	Eykt	Staðarstjóri	822 4449	<a href="mailto:ivar@eykt.is">ivar@eykt.is</a>
Hlynur Gissurarson	Eykt	Verkstjóri	822 4418	<a href="mailto:hlynur@eykt.is">hlynur@eykt.is</a>
Sigurður Haraldsson	Hafnarfjarðarbær	Umboðsmaður	664 5631	<a href="mailto:siggih@hafnarfjordur.is">siggih@hafnarfjordur.is</a>
Örn Guðmundsson	VSB	Verkefnisstjóri	660 8609	<a href="mailto:orn@vsb.is">orn@vsb.is</a>
Stefán Veturliðason	VSB	Verkefnisstjóri	660 8606	<a href="mailto:stefan@vsb.is">stefan@vsb.is</a>



- Nr. FUNDARGERÐ:** **Ábm.:**  
***Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.***
- 1. Fundargerðir.**  
Fundargerð síðasta verkfundar er samþykkt og undirrituð.  
*Verkfundargerðir eru sendar út með tölvupósti og eru einnig settar á verkefnavef verktaka.*
- 2. Tryggingar.**  
*Búið er að lækka tryggingu, eftir fyrsta áfanga (var gert 09.10.2018).  
Ekki eru forsendur fyrir því að lækka tryggingu fyrr en um næstu áfangaskil.*
- Verktaki hefur óskað eftir lökkun á verktryggingu, vegna áfangaskila nr.2. Enn er nokkrum verkþáttum er lúta að áfanga nr.2 ólokið, þar má einna helst benda á hurðar og gler sem ókomið er, búið er að panta og ráðgert að megni þess komi í næstu viku.  
Horft er til þess að verktaki ljúki enn frekar við eftirstöðvalista úttekta eftirlits og vinni úrbætur á/fái öryggisúttekt staðfesta áður en verktrygging verði lækkuð.
- 3. Öryggisráðstafanir/öryggismál.**  
Vinnusvæðið er girt af, lokað og læst utan vinnutíma. Mikilvægt að eftirfylgni/eftirlit sé áfram með vinnugirðingum og tryggt að umferð inn á vinnusvæði sé ekki greiðfær.  
Áréttað við verktaka að vera vakandi fyrir akstri vinnuvéla á vinnusvæði, sérstaklega við lóðarfrágang og aðkomu aðfanga.  
Athafnasvæði verktaka hefur minnkað, búið að fjarlægja/færa til vinnugirðingar. Verktaki er að endurgirða við húsbyggingu C.
- Í samráði við ráðgjafa/hönnuði er verktaki að skoða mögulegar útfærslur/úrbætur í grennd við reiðhjólstanda, í framhaldi af ábendingu sem barst þar um. Verktaki fái tillögu frá landslagsarkitekt, horft er til þess að staðsetning reiðhjólstanda færist frá bílastæði og inn á skólalóð, þeim verði sömuleiðis fjölgað. Skólastjórnendur skoði/meti þörfina á hversu umfangsmikil fjölgun á reiðhjólstandum sé.* ÍMM  
IM
- Öryggisúttekt á áfanga nr. 2, þ.e. húshlutum A og B, fór fram í gær (17.júlí 2019). Slökkvilið hafnar notkun húsnæðisins í því ástandi sem það er nú, í meginráttum er sett út á hurðar sem vantar, merkingar flóttaleiða og björgunaropa. Verktaki hefur unnið að úrbótum athugasemda, telur sig vera búinn að ljúka um 70% þeirra atriða sem sett var út á. Enn vantar innihurðir og gler í glugga, sem er í framleiðslu. Flestar yfirlýsingar/prófunarskýrslur liggja fyrir (vantar frá loftræsingum), eftirlit mun setja upp möppu á verkefnavef þar sem skýrslum verður safnað saman.* ÍMM
- Á morgun kemur verktaki til með að senda á eldvarnareftirlit og gera grein fyrir þeim úrbótum sem þegar er lokið.
- Uppsetning girðingar og hliða umhverfis leikskóla er lokið að mestu leyti, eftir er að klára girðingu að norðanverðu (við húshorn B). Á umræddu svæði þarf að koma fyrir snjóbræðsluslaufum undir hellulögn, verktaki fer að huga að því. Sett verður upp bráðabirgðagirðing á meðan sá verkþáttur er unninn.
- Enn eru að berast fölsk boð frá brunaviðvörunar-/ innbrotakerfi, verktaki mun skoða enn frekar og ganga úr skugga um að kerfi sé yfirfarið og bætt úr. ÍMM



Verktaki upplýsir um að ekkert slys hafi átt sér stað frá síðasta verkfundi.

#### 4. Undirverktakar.

Eftirtaldir undirverktakar koma að verkinu:

*Jarðvinna; Gröfumaðurinn ehf. Raflagnir; Rafís. Pípulagnir; Topplagnir. Blikksmiður; Blikksmiði. Dúkalagnir; Pons. Málningarvinna; Sigurður Breiðfjörð. Múrverk; TM-Bygg. Þakpappalögn; Helgason og Co hf. Gifsveggir, innréttingar, innihurðir og kerfisloft; Parketlausnir (Sævar Helgason). Plöntur í lóð; Jóhann Sigurðsson garðyrkjufræðingur. Þökulagning; HO torf. Heflun undir malbik; Hefilverk. Malbikun; Hlaðbær – Colas. Gluggaísetning; ÁP-verk ehf. Uppsetning innihurða; Trésmiðja Róberts. Leiktæki; Jóhann Helgi og Co. Forritun; Efla.*

#### 5. Aðstaða og athafnasvæði verktaka.

*Vinnusvæðið er að hluta til skólasvæði. Verktaki er búinn að fara í gegnum ýmis atriði sem varða öryggi með skólastjóra og húsverði. Aðgengi og öryggi þeirra sem koma að skólanum hefur verið tryggt.*

Þrifum á áfangaskilum nr.2 er að mestu leyti lokið, verktaki er að klára eftirstöðvalista frá úttekt og þrif samhliða eftir þörfum.

Verktaki er að forfæra byggingarefni og tæki innan lóðar, skipulagi vinnugirðinga hefur verið breytt vegna lóðarframkvæmda og hefur athafnasvæði verktaka minnkað til samræmis.

#### 6. Veitustofnanir.

Ekkert bókað.

#### 7. Gæðamál.

Ekkert bókað.

#### 8. Vinnutími.

*Vinnutími verktaka er 7:30 – 18:00 virka daga. Unnið er um helgar.*

#### 9. Mannafli og tæki frá síðasta verkfundi.

Tæki á verkstað		Mannafli á verkstað	
Trailer	0	Stjórnun	2
Beltavél	1	Húsasmiðir	3-5
Hjólavél	1	Rafvirkjar	4
Cat	1	Píparar	0-3
Skæralyfta	1	Málarar	2-3
		Blikksmiðir	4
		Dúkarar	2
		Verkamenn	2
		Múrarar	1
		Lóðarfrágangur	2
		Aðrir	0
<b>Samtals:</b>	<b>4</b>	<b>Samtals:</b>	<b>22-28</b>



## 10. Verkstaða – áætlanir, næstu verk.

### Húsbygging A:

Verkþáttum er lokið að frátöldum atriðum sem upp hafa komið við úttektir eftirlits og opinberra aðila. Helst ber að nefna ísetningu innihurða og glerja sem ekki er lokið að fullu, verktaki bíður eftir afhendingu frá birgjum sínum. Unnið hefur verið almennt að úrbótum frá eftirstöðvalistum.

### Húsbygging B:

Verkþáttum er lokið að frátöldum atriðum sem upp hafa komið við úttektir eftirlits og opinberra aðila. Helst ber að nefna ísetningu innihurða og glerja sem ekki er lokið að fullu, verktaki bíður eftir afhendingu frá birgjum sínum. Unnið hefur verið almennt að úrbótum frá eftirstöðvalistum.

### Húsbygging C:

Unnið hefur verið að sumaraðgerðalista, um 95% atriða hans lokið að mati verktaka. Ráðgert að honum verið að lokið að fullu eftir næstu helgi, eftirlit og verktaki fari þá yfir umrædd atriði og gangi úr skugga um að öllu sé lokið.

### Hússtjórnarkerfi:

*Er lokið í meginráttum og kerfið sem slíkt forritað og virkt, unnið er að staka úrbættum í kjölfar athugasemda sem komið hafa upp. Rafvirkjar og píparar eru að klára síðustu breytingar/lagfæringar, verið er að klára uppsetningu á tölvu í húsvarðarherbergi og von er á aðila frá Eflu næstkomandi föstudag að fullklára forritun og fínstillingar kerfisins.*

### Masterskerfi í hurðir innanhúss:

*Masterskerfi er komið yfir til Véla og Verkfæra, er í lokavinnslu. Allir sýlendrar í hurðar utanhúss eru íkomnir. Sýlendrar í hurðir innanhúss eru á leið á verkstað, gerðar vonir um að það komi í þessari viku og uppsetning í beinu framhaldi (1-2 dagar í ísetningu).*

Brýnt fyrir verktaka að ganga í afgreiða masterskerfi eins fljótt og kostur. Verktaki og húsvörður koma til með að hittast á næstu dögum og yfirfara/fullklára að skilgreina masterskerfi sem pantað verði eftir, á við um húsbyggingar A, B og C.

### Húsbygging D:

Uppsetning utanhússklæðningar er lokið. Innanhúss eru léttir innveggir komnir upp og unnið hefur verið að pípulögnum, loftræsilögnum og raflögnum á 1. og 2. hæð. Búið er að mála eina umferð á 1. og 2. hæð. Starfsmannarými hefur verið afhent verkkaupa til afnota, samhliða áfangaskilum nr.2.

	1.hæð	2.hæð
<i>Innveggir</i>	100%	100%
<i>Rafkerfi</i>	70%	90%
<i>Lagnir</i>	90%	100%
<i>Loftræsing</i>	90%	95%
<i>Gólfefni</i>	30%	30%
<i>Kerfisloft</i>	0%	20%
<i>Utanhússklæðning</i>		80%



### **Húsbygging E :**

Uppsetning undirkerfis utanhússklæðningar er lokið og unnið er í utanhússklæðningu. Búið er að leggja pappa á svalir. Innanhúss er unnið að uppsetningu léttra innveggja á 1. og 2. hæð og unnið að ídrætti rafstrengja og við lagnir. Vinna við spörlun og málun er hafin.

### **Húsbygging F:**

Búið er að holufylla og einangra útveggi, setja upp undirkerfi utanhússklæðningar og einangra efra þakflöt. Innanhúss er unnið við stofnlagnir og unnið er að hleðslu veggja í sturtuaðstöðu. Reyklúgur eru komnar á verkstað og unnið að ísetningu þeirra.

### **Lóðarfrágangur:**

Búið er að tyrfa lóð að fullu fyrir áfangaskil nr.2 (ef frá er talinn smá blettur við smíðasvæði). Geymsluskúr er niðurkominn og búið að helluleggja í kringum hann. Búið er að mála leiksvæði (Poko völlur og parís) og gúmmímottur undir viðbættar rólur eru niðurkomnar. Girðingarvinnu er að mestu leyti lokið umhverfis leikskóla, eftir við inngang á norðurhlið, körfuboltaspjald og fótboltamark er komið. Verktaki hefur óskað eftir úttekt á leiksvæði/lóð hjá BSI, ráðgert á næstu dögum.

**Næstu verk:** (2 vikur, eða að næsta verkfundi)

### **Húsbygging A:**

Klára eftirstöðvalista að fullu.

### **Húsbygging B:**

Klára eftirstöðvalista að fullu.

### **Húsbygging C:**

Klára sumaraðgerðalista að fullu.

### **Húsbygging D:**

Klára uppsetningu utanhússklæðningar og halda áfram með frágang innanhúss, þ.e. ídrætti rafstrengja og lagnavinna. Smíði og uppsetning á bráðabirgðar flóttastiga.

### **Húsbygging E:**

Unnið að uppsetningu léttra veggja á 1. og 2.hæð og við stofnlagnir.

### **Húsbygging F:**

Unnið verður að frágangi þakflatar. Innanhúss er unnið við stofnlagnir og hlaða veggja í sturtuaðstöðu.

### **Annað:**

Stefnt að því að klára lóðarfrágang fyrir áfanga nr. 2, lítið eftir en klára þarf að tyrfa, reka niður staura á smíðasvæði leikskóla og setja upp fánastöng. Haldið áfram með lóðarfrágang við húsbyggingu C, bæði að norðan- og sunnanverðu.

*Brunahönnuður vinnur að því að útbúa nýja skemamynd vegna áfangaskil nr.2, eftir að opnað hefur verið á milli húshluta B og C. Er komið, verktaki mun færa inn á verkefnavef.*



#### 11. Verkáætlun.

*Samningur var undirritaður 28.07.2017 og fyrsta skóflustunga var tekin þann 21.08.2017. Formleg áfangaskil á áfanga nr.1 fóru fram 6. nóvember. Samkvæmt verksamningi áttu áfangaskil nr. 2 að eiga sér stað 15.júní 2019.*

*Verktaki kappkostar við að klára áfangaskil nr.2 eins fljótt og nokkur kostur er. Forúttekt á áfanga nr. 2 fór fram á fimmtudaginn 27.júní 2019. Lokaúttekt fór fram 19.júlí og var lokaúttektarskýrsla send út þann 22.07.2019. Verktaki hefur unnið að úrbótum á athugasemdalista. Úrbætur eru langt komnar en ekki lokið að fullu, verktaka hefur gengið illa að fá hurðar og gler afhent frá birgjum sínum sem er flöskuháls í fullnaðarfrágangi. Reiknað með afhendingu á megninu af því sem upp á vantar í næstu viku.*

Formleg opunarhátíð var haldin síðastliðinn föstudag (9.ágúst 2019).

Verktaki kappkostar við að klára það sem upp á vantar í áfangaskilum nr. 2. Verktaki mun kalla eftirlit til yfirferðar á atriðalistum/úrbótum þegar hann telur þeim lokið að fullu. Eftirlit fór síðast yfir atriðalista þann 7.ágúst 2019, eftirstöðvalisti var uppfærður til samræmis við yfirferð og sendur á verktaka samdægurs.

#### 12. Hönnun (breytingar).

*Verktaki er beðinn um að skoða betur felliveggi milli kennslustofa í D og E byggingu. Felliveggir eru komnir á verkstað og uppsetning ráðgerð í þessari viku. Komið.*

*Setja þarf brunastiga til bráðabirgða frá nýju starfsmannaaðstöðu í D-byggingu. Hefur verið útfært og arkitekt hefur gefið út teikningu vegna flóttastiga úr D2. Er í vinnslu hjá verktaka, smíði og uppsetning ráðgerð í næstu viku. Verður búið fyrir næsta verkfund.*

*Rætt um val á tækjabúnaði inn á kaffistofu kennara (D2), þ.e. uppþvottavél. Gert er ráð fyrir hefðbundinni uppþvottavél sem skólastjórnendur telja ekki fullnægja þeirra þörfum, þarna verði töluverður fjöldi starfsmanna, óska eftir iðnaðaruppþvottavél. Eftirlit mun skoða frekar og taka upp með verktaka. Eftirlit er að skoða.*

HÁ

#### 13. Teikningar og önnur gögn.

Skemamynd frá brunahönnuði vegna áfanga nr.2 liggur fyrir, verktaki mun setja umrædda teikningu inn á verkefnavef.

Arkitekt vinnur að verkteikningu vegna breytinga á skilrúmum á salernum leikskóla. Teikningar verða gefnar út á verkefnavef þegar þær liggja fyrir, sömuleiðis verður verkteikning af bráðabrigðar flóttastiga gefin út formlega (teikning liggur fyrir).

Eftirlit áréttar við verktaka að landslagslagsarkitekt skipti út verkteikningum á verkefnavef, nýjustu/gildandi verkteikningar liggja ekki fyrir á verkefnavef. Verktaki mun ganga eftir því.

ÍMM

#### 14. Efnisútvegur / efnisvottorð.

Afgreiðsla efnissamþykktar er í eðlilegum farvegi á milli verktaka og eftirlits. Ekki liggja fyrir neinar óafgreiddar efnissamþykktir.



Frá síðasta verkfundi hefur verktaki sent frá sér eftirfarandi efnissamþykki;  
Gólfdukur á íþróttasal.

Frá síðasta verkfundi hefur eftirlit engum efnissamþykktum svarað formlega.

**15. Viðbótarsamningsverk.**

Ekkert bókað.

**16. Aukaverk.**

*Afgreiðsla aukaverka er í ferli, ekki mikið sem er óafgreitt.*

Aukaverkareikningur vegna lóðarhönnun VSÓ bíður þar til niðurstaða liggur fyrir varðandi fjölda bílastæði, VSB og Eykt eru í samskiptum hvað það varðar.

Verktaki hefur sent frá sér verðtilboð í efnisúttegum og uppsetningu á körfuboltaspjaldi og fótoltamarki á leikskólalóð í framhaldi af ósk þar um. Skoðað verður hvort aðrir verkþættir/búnaður úr samningsverki falli út á móti.

Það liggur fyrir ósk um að verktaki setji upp rimla í leikskólahluta, eftirlit mun skoða í samráði við verktaka hvort þörf sé á að koma fyrir frekari styrkingum í gífsvegg, þykir líklegt. Umræddur verkþáttur/aukaverk verður unnið yfir helgi (þegar leikskóli er ekki í gangi), eftirlit kemur til með að senda frá sér formlega beiðni vegna þessa.

HÁ

*Óskað er eftir því að skilrúm inn á salernum í leikskóla séu ávalt með hurð/fleka til lokunar (á báðum salernum) og sett verði upp styrking fyrir skilrúm salerna. Útfærsla og framkvæmd í er í ferli hjá verktaka.*

Óskað hefur verið eftir því að verktaki útvegi og setji upp tvo þurrkskápna til viðbótar við samningsverk.

**17. Magntölur og reikningar.**

*Rætt um magntölur sem sumar hverjar eru komnar yfir 100% í magntöluskrá. Magntöluskráin er aðeins vinnuþagg en er ekki ráðandi varðandi endanlegan kostnað. Það er tilboðsupphæð verktaka sem gildir þó greitt sé eftir magnskránni inn á verkið.*

*Eftir er að gera upp magnbreytingar vegna þess að yfirborð graftar var ekki í samræmi við útbóðsgögn. Stefnt að því að afgreiða í næstu viku.*

HÁ

Framvindureikningur nr. 24 hefur verið afgreiddur út.

Innb. Nr.	Dags	Vísitala reikn	Framvinda Kr.	Vísitala Kr.	Alls. m. verðb.
1.	1.9.2017		20.428.635		20.428.635
2.	1.10.2017	135,1	64.922.246	1.726.655	66.648.901
3.	1.11.2017	135,8	97.194.869	3.101.964	100.296.833
4.	1.12.2017	136,1	112.039.154	3.831.126	115.870.280
5.	1.1.2018	136,5	106.852.143	3.978.537	110.830.680
6.	1.2.2018	137	72.889.512	2.990.907	75.880.419
7.	1.3.2018	136,9	123.708.353	4.982.175	128.690.529



8.	1.4.2018	137	113.486.034	4.656.722	118.142.755
9.	1.5.2018	137,4	205.809.708	9.070.641	214.880.349
10	1.6.2018	139,1	160.952.927	9.172.849	170.125.776
11	1.7.2018	139,2	247.271.257	14.280.103	261.551.360
12	1.8.2018	139,9	288.891.031	18.220.331	307.111.362
13	1.9.2018	139,9	241.537.100	15.233.723	256.770.823
14	1.10.2018	140,2	154.397.832	10.089.828	164.487.660
15	1.11.2018	141	148.489.713	10.606.408	159.096.121
16	1.12.2018	141,6	157.301.987	11.953.039	169.255.025
17	10.01.2019	142,1	74.446.964	5.939.917	80.386.881
18	01.02.2019	142,1	80.153.734	6.395.245	86.548.978
19	01.03.2019	142,2	73.520.225	6.033.575	79.553.800
20	01.04.2019	142,4	88.369.684	7.252.223	95.621.907
21	01.05.2019	142,7	119.850.147	10.108.941	129.959.088
22	01.06.2019	145,8	134.942.153	14.560.627	149.502.780
23	01.07.2019	145,8	81.650.077	8.810.267	90.460.344
24	01.08.2019	146,4	84.538.976	9.5070.423	94.046.399
Alls			3.053.644.461	192.503.226	3.246.147.684

## 18. Úttektir, rannsóknir og prófanir.

*Verktaki notast við hugbúnaðinn Ajur við innra eftirlit sitt. Verktaki kemur til með að veita eftirliti aðgang. Verktaki hefur veitt eftirlitsaðilum aðgang.*

*Rætt um prófanir verktaka, t.a.m þrýstiprófanir lagna. Verktaki kemur til með að skoða og taka saman, í framhaldinu verði sett upp mappa á verkefnavef þar sem úttektarskýrslum er safnað saman og haldið utan um.*

*Þrýstiprófun er að klárast, verktaki kemur til með að senda skýrslur á eftirlit. Verktaki hefur sent skýrslur á eftirlit.*

Prófunarskýrslur og yfirlýsingar verða settar inn á verkefnavef. Eftirlit setur upp möppu á HÁ verkefnavef þar sem haldið verður utan um slík gögn.

*Verktaki er farinn að huga að því að fá úttekt á leiksvæði/lóð við húshluta A og B. Hefur verið í samskiptum við BSI vegna þessa. Verktaki hefur sett sig í samband við BSI og pantað úttekt, ráðgert að fari fram í næstu viku.*

## 19. Kröfur.

Ekkert bókað.

## 20. Tafabætur.

Ekki tekið fyrir.

## 21. Verklok.

Áfangaskil nr.2; formleg afhending/opnunarhátíð fór fram þann 9.ágúst 2019 og tókst vel til. Verktaki hefur sömuleiðis afhent verkkaupa kennarastofu (D2/E2) til afnota, sem ekki var hluti af áfangaskilum nr.2 samkvæmt verksamningi.





**22. Samningslok.**  
Ekkert bókað.

**23. Önnur mál.**

*Bakslag hefur komið upp varðandi breytingar á innihurðum í leikskóla og tónlistarskóla, þar sem ráðgert var að fræsa úr og bæta við gleri í hurðarfleka. Ekki hægt að fræsa á hefðbundin máta vegna stálستا/stálkants í hurðarflekum, verið að skoða möguleika þess að laserskera og eða notfæra hurðir í seinni áföngum og panta nýjar í tónlistar-/leikskóla. Ákvörðun tekin að ekki verði skoðað frekar möguleika þess að breyta/eiga við þegar framleiddar innihurðir. Pantaðar verða nýjar hurðir í umrædd rými (með gleri í hurðarspjaldi) og skoðað að nýta núverandi hurðir í seinni áföngum, verktaki skoði frekar (eftirlit hefur lagt fram drög að möguleikum þess eðlis).*

ÍMM

*Verktaki er farinn að huga að því að setja upp hurðarstoppa á innihurðir í húshlutum A og B. Ekki voru settir upp hurðarstoppa á sínum tíma í húsbýggingu C, þeim verður bætt við samhliða uppsetningu í áfanga nr .2. Hurðarstoppa eru komnir upp að mestu leyti.*

*Eldvarnarúttekt á húsbýggingu hefur farið fram og skýrsla liggur fyrir. Verktaki hefur unnið að úrbótum á athugasemdum í úttektarskýrslu samhliða sumaraðgerðalista. Búið er að þetta tvöfaldar hurðir og er verktaki kominn nokkuð vel á veg með úrbætur til samræmis við úttektarskýrslu.*

*Skoða þarf frekar klukku utan á skóla. Um þetta hefur verið rætt áður, sjá frekar undir fundargerðum stöðufunda nr. 20 og 21, skoða þarf útfærslur/möguleika hvað þetta varðar. Verktaki mun hefur skoðað umrædd atriði frekar í samráði við rafvirkja. Eru í samskiptum við birgja vegna þessa, tillaga verður lögð inn til yfirferðar/samþykktar.*

ÍMM

*Óskað er eftir því að verktaki/ráðgjafar skoði lausnir/tillögu að vindskermingu/girðingu á norðanverðri leikskólalóð til að brjóta niður vind. Landslagsarkitekt kemur til með að skoða frekar og leggja fram tillögu til samþykktar. Verktaki hefur sent frá sér tillögu að skjólgirðingu til yfirferðar/samþykktar verkkaupa. Verktaki hefur sett upp hefðbundna girðingu á umræddu svæði og verður tillaga að skjólgirðingu ekki unnin frekar að svo stöddu. Hönnun verði óbreytt (til reynslu) fram að næsta sumri, þá verði skoðað hvort þörf sé á breytingum, þ.e.a.s að setja þar upp skjólgirðingu.*

*Skoða með eldvarnartjöld á milli málmsuðu og trésmíðiverkstæði í smíðastofu (B1). Sömu leiðis þarf að skoða hvort ekki sé þörf á að koma þar fyrir slökkvitæki, er ekki gert ráð fyrir á fyrirliggjandi hönnun. Í skoðun/vinnslu.*

HÁ

*Í rýmum milli deilda í leikskóla eru föst borð en eiga að vera felliborð skv. útboðsgögnum. Eftirlit mun skoða frekar, vísað á bls. 89 í forsögn. Það liggur fyrir að útfærsla borða í vinnuherbergi er ekki til samræmis við forsögn, verktaki kemur til með að skoða mögulegar lausnir. Er í skoðun hjá arkitekt.*

ÍMM

*Setja þarf klemmuvarnir á hurðir í leikskóla, HG fer yfir og skoðar á hvaða hurðir þarf að setja klemmuvarnir. Eftirlit hefur leitað frekari upplýsinga hjá Heilbrigðiseftirliti sem fer fram á að klemmuvarnir séu settar beggja vegna á innihurðir, þar sem hurðir eru hengslaðar.*



Verktaki álitur það vera aukaverk að setja upp klemmuvarnir, eftirlit og verktaki eru ekki sammála þar um. Það liggur fyrir að þetta þarf að framkvæma og áréttar eftirlit að verktaki klári uppsetningu klemmuvarna þó að umdeilt sé hver beri kostnað vegna þessa.

*Skoða þarf rafmagnstengla í vélasal smíðastofu, þ.e. staðsetningu 3ja fasa tengla. Tenglar í smíðastofu eru samkvæmt fyrirliggjandi hönnun. Ekki er þörf á 3ja fasa tenglum, nóg að vera með einfasa tengla á þessum stöðum. Inn í rými sogkerfa er þó talin þörf vera á 3ja fasa tengli. Eftirlit mun skoða frekar í samráði við verktaka, líklega lítil fyrirhöfn að breyta tenglum í smíðastofu.*

HÁ  
ÍMM

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

---

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa:

---